

Próttmikið Þjóðfélag

Í grein minni „Þjóðskipulag og þróun“, sem kom í Eimreiðinni fyrir nokkrum árum, benti ég á nokkur þau atriði, sem ég taldi nauðsynlegt að fullnægja, ef unnt væri að koma upp próttmiklu og heilbrigðu þjóðfélagi og koma í veg fyrir ýmis vandkvæði, sem nú þjá þjóðirnar. Til þess að koma þessu í verk yrði að fullnægja fjórum meginkröfum :

1. Heilbrigð og holl húsakynni.
2. Holl, góð og nægileg fæða.
3. Skjólgóður klæðnaður og hagkvæmur með tilliti til veðuráttufars.
4. Fræðslu- og menntunarskilyrði hin bestu, sem völ er á.

Ég vil nú bæta hér við nokkrum orðum um hvern lið út af fyrir sig.

1. Húsakynnin ættu að vera einföld og látlaus og sem minnst af óþarfa skrauti sem gæti borið í sér og viðhaldið sóttkveikjum. Ætti því að leggja meiri áherslu á ábreiður á gólf, sem fljótlegt er að þvo og hreinsa, en hætta við notkun loðinna ábreiða og loðskinna. Ef menn vilja hafa skraut innan húss, þá ætti það að vera látlaust, einfalt og ódýrt, en smekklegt, til þess að viðhalda fegurðar- og samræmissmekk manna. Hinar svo nefndu stásstofur ættu alveg að hverfa, því að miklum mun hyggilegra væri að nota fjárfúlgur þær, sem í þeim eru bundnar, til annarra að miklum mun þarfari hluta. Þarft verk væri að finna upp einfalda húsagerð. Hús, sem væru ódýr í byggingu, væru hlý og hentug til notkunar, en þó að miklum mun ódýrari en nú á sér stað.

2. Vilji menn í alvöru ala upp hrausta og sterkbyggða þjóð, verður mataræðið að vera gott. Fæðan kjarngóð og fjörefnarík. Er enginn efi á því, að sumt af þeim íslensku fæðutegundum, sem áður hafa verið notaðar, eru mjög fjörefnaríkar og væri þarft verk að rannsaka þau mál gaumgæfilega.

3. Um fatnaðarkröfuna er það að segja, að fatnaðurinn þarf að vera skjólgóður, einkum þegar um er að ræða loftslag eins og hér tíðkast, einfaldur og látlaus, en þó snotur og þarf að fara vel. Sjálfsagt er að menn hafi betri föt eða hátíðaklæði, því það eykur á fegurðarsmekk manna, en enginn óeðlilegur íburður ætti þar að vera.

4. Fræðslan á að vera almenn og eiga allir að geta notið hennar undantekningarlaust og án alls manngreinarálits - því manngreinarálit á ekki að vera til þegar um almenn mannréttindi er að ræða. Fræðslumálin eru mjög skammt á veg komin og þurfa gagngerðra lagfæringa við. Menn eiga ekki að ganga í skóla til þess að verða embættismenn, heldur til þess að verða vel að sér og verða færir um að gegna hvers konar störfum, er nauðsynleg eru fyrir þjóðfélagið. Háskólakennsla ætti að vera öllum opin einmitt í þeim tilgangi að gera menn almennt menntaða. Annars er sjálfsmenntun best, því þá verða menn menntaðir vegna áhuga á viðfangsefnunum, en eigi vegna fjáraflavona eða metorða.

Það ætti ekki að þurfa að eyða mörgum orðum til þess að sannfæra menn um réttindi þessara fjögurra atriða, sem ég hef bent á hér að framan. Allir hyggjast menn og vitrir munu taka þeim fegins hendi hvar í flokki sem þeir eru. Það virðist liggja í augum uppi, að hér er gerð tilraun til þess að nálgast hinn þjóðfélagslega grundvöll og reyna að gera hann sem allra

traustastan að auðið er. Að vinna að velmegun allra er skilyrðið fyrir því að geta tryggt öllum sæmilega afkomu. Mennirnir eru svo háðir hver öðrum, að enginn strengur getur orðið snortinn til ills eða góðs án þess að þau áhrif nái til allra.

Það er með þeirri vissu, að þetta sé svo í raun og veru, að menn hljóta þegar fram í sækir að fylgja fast fram hinum fyrr nefndu kröfum: Hraust, heilbrigð og menntuð þjóð.

Allir þeir, sem þurfa að lifa á afkomu almennings, fylgja þessum atriðum fast fram. Kaupmaðurinn, vegna þess, að menn verða að hafa sæmilegar tekjur ef þeim á að vera unnt að standa í skilum við hann. Sveitabóndinn, vegna þess, að hann þarf að tryggja sér sem bestan markað fyrir vörur sínar. Vinnuveitandinn, vegna þess, að mennirnir, sem hjá honum vinna, verða að vera hraustir og heilbrigðir, svo að þeir geti afkastað fullkomnu verki. Menn þurfa að hafa náð vissu marki í fræðslu og menningu, til þess að geta orðið góðir verkmenn, menn, sem hafa fullkomið auga fyrir rétttri skipulagningu vinnu sinnar, svo að hún nái sem hæstri hæð í gæðum og hraða. Og stjórnmalamaðurinn, sem fyrst og fremst á að bera hag hins opinbera fyrir brjósti, hlýtur að taka þessi atriði sérstaklega til greina, því ekkert ríki lifir til langframa á úrkynjuðum öreigalyð.

Í ráðstjórnarríkjunum hefur verið gerð mjög markverð tilraun til þess að ná líkum árangri og hér er stefnt að og er líklegt að þeim takist að halda stefnu sinni í þeim efnun í öllum meginatriðum. Þó er ekki ennþá fullvíst hver áhrif styrjöldin muni hafa þar í framtíðinni á gang þessara mála. Verður það mjög þýðingarmikið, hvernig þeim reiðir af í því að halda í horfinu á þeirri braut, sem þegar var lögð í þessum málum. Það er vitanlega stórkostleg bylting, sem hefur átt sér stað þar í landi og í mörgu falli alveg sérstæð og á ekki sinn líka neins staðar. Sá árangur, sem fæst í Rússlandi og það ástand, sem þar verður að styrjöldinni lokinni, mun hafa mikil áhrif á heiminn í framkvæmd þessara mála, því menn komast aldrei hjá því að gefa þeim gaum og leysa þau, ef heimurinn á að geta lifað og starfað í friði og sótt áfram í áttina til frekari fullkomunar.

Hvernig sem menn líta á þessi mál frá sjónarmiði þeirra stjórnmalastefna, sem er driffjöðrin í þessum málum í Rússlandi, þá verður aldrei hægt að komast fram hjá því, að viðurkenna mikilvægi þeirra endurbóta, sem þar hafa þegar verið gerðar. Bók Hewlett Johnsons „Undir ráðstjórn“ ber vott um það.

Eitt af mestu vandamálum stórþjóðanna er stöðugur vöxtur þess flokks manna, er nefna mætti úrkast eða skríl. Á þetta fyrirbrigði margar orsakir, en þó mun skortur á atvinnu, sem er afleiðing af of mikilli auðsöfnun annars vegar og nautnasýki hins vegar, vera aðalorsökin. Má segja að þetta séu hinar almennu og ytri orsakir. Margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að reyna að ráða bót á þessu, en allt gengið fremur örðuglega. Er það vegna þess að menn hafa enn sem komið er ekki viljað feta þá braut, sem bent er á hér að framan og fullnægja þeim sjálfsögðu kröfum, sem getið var í upphafi þessa máls. Það virðist því að létt verk væri að uppræta þá orsökina. Hitt er reynslan búin að sýna, að örðugt er að uppræta nautnirnar, því einmitt þeir, sem mest ráð hafa, eru öflugustu viðhaldsmenn nautnanna og halda þeim jarðvegi illgresis, sem þær þróast í. Því úrkast má framleiða og er framleitt bæði á hæstu og lægstu sviðum þjóðlífsins. Það væri því engin furða, þó að bindindishreyfingin í heiminum sé

jafnöflug og hún er, því verkefni hennar er að kenna mönnum og innræta þeim þá skoðun, að eiturnautnirnar standi í vegi fyrir öllum andlegum og efnalegum framförum.

Mannkynbætur er viðfangsefni, sem hefur verið ofarlega á baugi meðal fræðimanna og umbótamanna í ýmsum löndum. Hafa vandkvæði þau, er ég geri að umtalsefni hér á undan um úrkastið ef til vill átt einhvern þátt í því.

Lög hafa verið sett hjá ýmsum þjóðum, sem eiga að miða að mannkynbótum og læknum heimilaðar ákveðnar lækniáðgerðir í þeim efnum. Persónum, sem eitthvað er álitnið að athuga við, ekki leyft að giftast o. s. frv.

Virðist allt þetta vera kák, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki verið að ráðast á orsök meinsins, heldur afleiðingarnar. Til þess að unnt sé með nokkrum verulegum árangri að bæta kynið, ætti fyrst og fremst að fullnægja kröfum þeim, sem nefndar eru í upphafi þessa máls. Ég er í engum vafa um það, að sé þessu sæmilega fullnægt, munu ekki langir tímar líða þangað til að hinn æskilegi árangur fer að koma í ljós. Það verður að kenna fólkinu, bæði fátækum og ríkum, fáfróðum og menntuðum, að lifa einföldu og heilbrigðu lífi og þá koma mannkynbæturnar af sjálfu sér. Það er hætt við því, að hinar leiðirnar, sem farnar eru, verði frekar til skaða en gagns, vegna þess að þá er ekki unnið í samræmi við starfsemi náttúrunnar, heldur er jafnvel reynt að þvinga hana, sem ævinlega mun hefna sín fyrir eða síðar.

Vandamálin tvö, sem ég hef lítilsháttar vikið að hér að framan, eiga sér einnig dýpri rætur. Ég get eigi skilið við þetta mál um próttmikið þjóðfélag, án þess að fara örlítið út í þá sálma einmitt hér í þessu sambandi.

Flestir lesendur „Ganglera“ munu vera mér sammála um það, að lögmálin miklu um „endurholdgun“ og „orsök og afleiðing, karma“ séu meginþættir í þróuninni. Lögmálið um orsök og afleiðingu eða jafnvægislögmálið, er að minni hyggju mjög þýðingarmikið í þessu sambandi.

Ef við ætlum að skilja þróunina til fulls, þá verðum við einnig að skilja það, að hún vinnur einnig og ekki síður á hinum hærri sviðum en hér í heimi. Við sjáum hér ekki nema aðra hlið hlutanna. Þær þjóðir, sem hafa brotið undir sig lönd, jafnvel þó að þau hafi verið byggð frumstæðum kynflokkum, í því skyni meðfram að menna þær, hafa þó ekki komist hjá því að gera það með blóðsúthellingum í stórum stíl. Hinir innfæddu hafa litnið á þær sem ræningja og haldið því fram að verið væri að ræna þá landi þeirra og yfirráðarétti. Og afleiðingarnar urðu styrjaldir og múgmorð. Aðkomuþjóðin hefur helgað sér landið og sest að í því. Með því að ryðja þeim innfæddu úr vegi á þennan hátt, hélt árásarþjóðin að hún væri laus við óaldarseggina. En það er einmitt misskilningurinn mikli. Þeir komu heim til árásarþjóðarinnar, fæddust þar á ný - því þar var auðvaldið og nautnasýkin búin að skapa nægilega hentugan jarðveg fyrir þá til þess að fæðast í - og voru orðnir handbendi og sori árásarþjóðarinnar heima hjá henni sjálfri. Og þeir hafa lagt drjúgan skerf til þess að skapa meðal þjóðanna, sem hlut eiga að máli, þá hnignun, sem örðugt ætlar að reynast að ráða bót á. Þarna kemur jafnvægislögmálið til skjalanna og segir: „Nú, heillarkarlar, viðskiptum er ekki lokið; ég sé um það að þið skuluð greiða allar misgerðir fullu verði áður en lýkur.“ Og svona

fer fyrir öllum þeim, sem beita sverði óréttlætisins; þeir hljóta að uppskera makleg málagjöld verka sinna.

Ég hef í framanskráðum línunum reynt að drepa á helstu atriðin í því, sem ég álit máli skipta, þegar um það er að ræða að byggja upp próttmikið þjóðfélag, sem verði fært um að skapa þann grundvöll, sem megni að bera sanna og fullkomna menningu. Ekki menningu yfirdrottnunar, kúgunar og harðræðis með stöðugum afleiðingum styrjalda, heldur menningu friðar, frelsis og bræðralags, sem viðurkennir jafnan rétt allra, bæði einstaklinga og þjóða til þess að lifa starfsömu framfaralífi.

Sá, sem byggir hús, gerir sér fyrst og fremst grein fyrir því, að grunnur þess sé nægilega traustur til þess að þola þunga byggingarinnar, að hann láti hvergi undan síga, svo að ekki sé hætt á að húsið skekkist eða springi og liggi þar af leiðandi undir skemmdum. Þá gætir hann þess að allir máttarviðir séu svo öflugir, að þeir geti borið þunga byggingarinnar.

Í sérhverju þjóðfélagi eru þessir máttarviðir og grunnur hinar vinnandi stéttir. Á þeim hvílir öll þjóðfélagsbyggingin. Sé þessum grunni og máttarviðum ekki haldið eins vel við og auðið er, er hætt á að þjóðfélagsbyggingin skekkist og allt láti undan síga og að lokum hrynji allt í rúst.

Þjóðfélaginu má einnig líkja við gróðurreit. Sé reitur þessi illa hirtur, vex illgresið upp og kæfir allan nytjagróður. Það kemur þó fyrir að sterkustu jurtir, ein og ein, komist upp með löngu millibili og náí að vaxa upp úr illgresinu og hafa áhrif. En eigi verulegt framtíðargagn að vera að þessum gróðurreit, verður að hlúa að honum og aðstoða náttúruna til þess að eingöngu fullkominn nytjagróður vaxi þar. Sama máli er að gegna með mennina. Ef séð er um það í hverju þjóðfélagi, að jarðvegur fullkominnar menningar sé plægður, sáð í hann og allt illgresi upprætt, er enginn efi á því að hann gefur aftur það sem til var ætlast. Náttúran er ætíð ör lát á gjafir sínar og ef mennirnir hafa vit á því að vinna með henni, með náttúru-lögmálunum, verður hún þeim hliðholl og veitir þeim ótakmarkaða blessun, en ef þeir vinna á móti henni, arðræna hana, uppskera þeir örðugleika, ófrelsi, stríð og styrjaldir.

Hygginn bóndi elur vel skepnur sínar og þær skila honum miklum verðmætum í staðinn og honum er borgið. En sá, sem fer illa með fé sitt, drepur það úr hor, fer sjálfur að lokum á vonarvöl.

Sama á sér stað um þjóðir og þjóðerni og mennina í heild sinni.

Dæmin eru einföld og létt skiljanleg ef menn vilja fara eftir þeim. Hagur fjöldans er hagur einstaklingsins.

Sú þjóð, sem skilur þetta og lifir eftir því, hefur skapað sér skilyrðin til þess að eignast ætíð þroskaðri og fullkomnari einstaklinga, því lífið sækir þangað, sem skilyrðin eru því best til áframhaldandi þroska.

Framtíðarmenningarþjóðin hefur því þetta í hendi sér, því hún vinnur með vaxtarlögmáli tilverunnar, en eigi gegn því.

Jón Árnason, prentari.